

Fundargerð 320. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 20. maí 2025
Fundartími: 17:00-17:45
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 302, dags. 14.05.2025

a) Mýrar 2 L238877; Hádegismýri; Breytt heiti lóðar – 2505008

Lögð er fram umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L238877. Óskað er eftir að landeignin Mýrar 2 fái nafnið Hádegismýri. Fyrir liggur rökstuðningur eiganda um hvaðan nafnið er fengið.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við breytt staðfang lóðarinnar og mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða umsókn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L238877 og að landeignin Mýrar 2 fái nafnið Hádegismýri.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Merkurlaut 3 L166422: Merkurbraut 3; Stofnun lóðar – 2505005

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 26.04.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 11.547,6 fm landeign, Merkurbraut 9, úr landi Merkurlautar 3 L166422. Innan nýrrar lóðar eru tvö þegar byggð mannvirki, sumarhús og sturtuhús.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að gatan í heild sinni taki upp staðvísinn Merkurbraut og lóðir við götuna taki upp viðeigandi númer miðað við staðsetningu, fyrir utan lóð Merkurheima.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun 11.547,6 fm landeignar, Merkurbraut 9, úr landi Merkurlautar 2 L166422 skv. framlagðri merkjalýsingu dags. 26.04.2025.

Sveitarstjórn samþykkir að gatan í heild sinni taki upp staðvísinn Merkurbraut og að lóðir við götuna taki upp viðeigandi númer miðað við staðsetningu, fyrir utan lóð Merkurheima L166425.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Walter Fannar Kristjánsson greiddi atkvæði á móti.

Walter Fannar Kristjánsson telur breytingu á staðfangi lóða að eigendum forspurðum ekki vera í takti við eignarrétt og sjálfsákvörðunarrétt fólks.

c) Merkurlaut 1 L193162; Axarhólsbraut 3; Stofnun lóðar – 2504102

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 26.04.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 12.188,9 fm landeign, Axarhólsbraut 3, úr landi Merkurlautar 1 L193162.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið. Skipulagsnefnd UTU bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að gatan í heild sinni taki upp staðvísinn Axarhólsbraut og lóðir við götuna taki upp viðeigandi númer miðað við staðsetningu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun 12.188,9 fm landeignar, Axarhólsbraut 3, úr landi Merkurlautar 1 L193162 skv. framlagðri merkjalýsingu dags. 26.04.2025.

Sveitarstjórn hvetur landeigendur til að láta vinna deiliskipulag sem tekur til svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir að gatan í heild sinni taki upp staðvísinn Axarhólsbraut og að lóðir við götuna taki upp viðeigandi númer miðað við staðsetningu.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Walter Fannar Kristjánsson greiddi atkvæði á móti.

Walter Fannar Kristjánsson telur breytingu á staðfangi lóða að eigendum forspurðum ekki vera í takti við eignarrétt og sjálfsákvörðunarrétt fólks.

d) Skálmholt land C L219650; Skipting lóðar; Fyrirspurn – 2505018

Lögð er fram fyrirspurn sem tekur til Skálmholts lands C L219650 í Flóahreppi.

Fyrirhugað er að skipta lóðinni í tvennt og byggja allt að 200 fm einbýlishús á tveimur hæðum og allt að 300 fm skemmu.

Skipulagsnefnd UTU tekur jákvætt í framlagt erindi. Að mati nefndarinnar er skipting landsins og skilgreining byggingarheimilda innan þess háð gerð deiliskipulagsbreytingar sem tekur til svæðisins auk merkjalýsingar. Að mati nefndarinnar væri æskilegt að unnin væri heildstæð deiliskipulagsáætlun sem tekur til svæðisins í heild.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn sem tekur til Skálmholts lands C L219650. Í fyrirspurn er tekið fram að fyrirhugað er að skipta lóðinni í tvennt og byggja allt að 200 fm einbýlishús á tveimur hæðum og allt að 300 fm skemmu. Sveitarstjórn hvetur landeigendur til að láta vinna deiliskipulag sem tekur til skiptingu landsins og skilgreiningu byggingarheimilda á svæðinu. Einnig bendir sveitarstjórn á að vinna þarf merkjalýsingu sem tekur til skiptingar á lóðinni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Hvítárbyggð L238531, Hjálmholti; Frístundabyggð F22; Deiliskipulag – 2501073

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis F22 innan aðalskipulags Flóahrepps eftir auglýsingu, alls um 60 ha svæði að ræða. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða á bilinu 9.600 - 17.800 fm að stærð, gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss, aukahúss/gestahúss og geymslu innan hverrar lóðar innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Fornleifastofnun Íslands sem tekur til skráningar á minjum innan hluta skipulagssvæðisins. Að mati nefndarinnar er skilyrðum Minjastofnunar um skráningu fornminja innan svæðisins ekki fullnægt að fullu með framlögðu gögnum sem taka til kortlagningar á minjum svæðisins, sérstaklega er varðar nýjan veg að svæðinu. Mælist nefndin til þess að minjaskráning fyrir svæðið í heild verði kláruð og að því loknu leitað umsagnar Minjastofnunar að nýju. Varðandi umsögn NVS er fjallað er um

Þjósárhraun innan greinargerðar deiliskipulagsins þar sem tiltekið er að öllu raski verði haldið í lágmarki og leitast verði við að hlífa hrauni og votlendisblettum. Tiltekið er að mannvirki innan svæðisins skuli falla að svipmóti lands og að lita- og efnisval skuli miðast við náttúrulega liti í umhverfinu. Mælist nefndin til þess að sérstaklega verði tiltekið innan greinargerðar að sérstæðum hraunmyndunum sem standa upp úr gróðurþekju svæðisins verði hlíft innan lóða nema brýna nauðsyn beri til s.s. til að framfylgja skilgreindri landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi, tryggja aðgengi að landinu eða flóttaleiðir. Jafnframt bendir nefndin á að í jaðri svæðisins er töluvert umfangsmikil efnisvinnsla innan efnistökusvæðis E6. Til framtíðar litið telur nefndin að fyrirhuguð uppbygging á svæðinu geti fremur stuðlað til verndunar á Þjósárhrauni sem þekur stóran hluta láglendis Flóahrepps út frá frekari námuvinnslu á svæðinu. Mælist skipulagsnefnd til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu deiliskipulagstillögunnar verði frestað þar til fullnægjandi minjaskráning liggur fyrir.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu deiliskipulagstillögu sem tekur til frístundasvæðis F22 innan aðalskipulags Flóahrepps eftir auglýsingu þar til fullnægjandi minjaskráning liggur fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 226, dags. 07.05.2025

Lagðar fram til kynningar.

3. Viðauki II við fjárhagsáætlun 2025

Fyrir liggur viðauki II við fjárhagsáætlun 2025 vegna kaupa á áhaldahúsi fyrir sveitarfélagið en á 315. fundi sveitarstjórnar dags. 18.03.2025 samþykkti sveitarstjórn að kaupa tvö iðnaðarbil fyrir áhaldahús. Viðauki II sýnir að áhrif fjárfestinga á fjármögnunarpörf verði 20 milljónum meiri en fyrri áætlun gerði ráð fyrir.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka II við fjárhagsáætlun 2025 og að viðauka verði mætt með lækkun á handbæru fé.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Viðauki III við fjárhagsáætlun 2025

Fyrir liggur viðauki III við fjárhagsáætlun 2025 vegna sölu á fasteigninni Þingborg eldri. Fjárhagsáætlun 2025 gerði ráð fyrir sölu eigna fyrir 20 milljónir á árinu 2025. Viðauki III sýnir að söluverð rekstrarfjármuna hækkar um 52,5 milljónir frá fyrri áætlun 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka III við fjárhagsáætlun 2025. Viðauki gerir ráð fyrir hækkun á handbæru fé sem nemur 52,5 milljónum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá Bergrisanum – Framlög til úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks

Fyrir liggur bréf frá Jöfnunarsjóði verna framlaga ríkisins til úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks 2025-2026.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar erindinu til umfjöllunar í framkvæmda- og veitunefnd í tengslum við þær breytingar sem unnið er að vegna Þingborgar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 319, dags. 06.05.2025

b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 33, dags. 29.04.2025

Varðandi lið 1 c) þá tekur sveitarstjórn undir það verklag að sveitarfélagið innheimti raunkostnað fyrir lagningu vatnstofns innan svæðis hjá einkaaðilum og að hver og einn landeigandi greiði svo raunkostnað fyrir sínar tengingar frá stofni/lóðarmörkum og að húsi.

Sveitarstjórn leggur áherslu að farið verði í þær framkvæmdir í vatnsveitu sem samþykktar hafa verið á árinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum

c) Fræðslunefndar nr. 158, dags. 22.04.2025

Sveitarstjórn þakkar fyrir samantekt og upplýsingar frá skólastjórnendum og fræðslunefnd vegna næsta skólaárs. Sveitarstjórn leggur áherslu á að skólastjórnendur haldi áfram að huga að ábyrgum rekstri án þess að skipulag hafi neikvæð áhrif á faglegt starf í skólunum. Einnig beinir sveitarstjórn þeim tilmælum til skólastjórnenda að skoða hvort sameiginleg innkaup í mótuneyti leik- og grunnskóla geti dregið úr hráfniskostnaði með betri tilboðum í innkaup.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 120, dags. 30.04.2025 og nr. 121, dags. 06.05.2025 ásamt ársreikningi UTU 2024

e) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 244, dags. 02.05.2025

f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 978, dags. 30.04.2025

g) Stjórnar Arnardrangs hses. nr. 22, dags. 07.04.2025

h) Stjórnar Bergisans bs. nr. 84, dags. 25.04.2025 ásamt ársreikningi 2024

i) Vorfundar Brunavarna Árnessýslu bs. dags. 28.04.2025

j) Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 34, dags. 28.04.2025

k) Vorfundar Tónlistarskóla Árnesinga bs. dags. 28.04.2025

7. Efni til kynningar

a) Frá Samgöngustofu – Öryggi í flugþjónustu og mikilvægi starfsleyfa

b) Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands – Starfsleyfisskylda jarðborana

c) Frá Jafnréttisstofu – Afmælisráðstefna 15.09.2025 á Akureyri

d) Frá Innviðaráðuneytinu – áform um lagabreytingar á sviði sveitarstjórnarmála kynnt í samráðsgátt

e) Frá Landskerfum bókasafna – Tillaga til breytinga á samþykktum félagsins

f) Frá SASS – Sóknaráætlun Suðurlands birt í samráðsgátt stjórnvalda

g) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 298. mál: frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu)

h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn þriðjudaginn 3. júní kl. 17:00 í Þingborg

8. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)